

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 139 (3.2.2025) - Deiliskipulagsbreyting, Egilsstaðaflugvöllur

**Málsnúmer** : 202501232  
**Málsaðili** : Isavia Innanlandsflugvellir ehf  
**Niðurstaða (stutt)** : Vísað til nefndar  
**Fundardagur** : 03.02.2025

**Inngangur** : Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.  
Fyrir liggur tillaga, dags. 20.01.25, að breytingu á deiliskipulagi Egilsstaðaflugvallar vegna nýrrar akbrautar. Tillagan er unnin af Verkís fyrir hönd Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

**Niðurstaða** : Eftirfarandi tillaga lögð fram:  
Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Umhverfis- og framkvæmdaráð vill vekja athygli málsaðila á því að áfram verði gert ráð fyrir gönguleið meðfram Eyvindará.

Samþykkt samhljóða.